

## Stjórnarfundur JA á Ísl – 27. september 2023

Mættir: Ágúst, Sólrún, Helga, Sólveig, Júlía

- Námskeiðahald
  - Ágæt aðsókn að leikskólanámskeiðunum en minni á grunnskólanámskeiðin. Hugmynd að sameina þau tvö grunnskólanámskeið sem auglýst hafa verið. Í vinnslu. Spurning hvernig hægt er að auka áróður fyrir því að grunnskólastarfsfólk mæti á réttindanámskeið.
- Útgáfa grunnskólahandbókar
  - Prentun á 200 eintökum er lokið og sala fer ágætlega af stað, tæplega 90 eintök hafa verið seld.
- Verkfæraspjöld þýðing og útgáfa
  - Leyfi og samningur fyrir þýðingu verkfærspjalda liggur fyrir. Útgefendur úti taka 10% af söluverði. Í USA eru spjöldin seld á 12,99 USD (um 1.800 kr.)
  - Þýðing. Stekkjaskóli er að hugsa. Annars taka ÁFJ og AJ við boltanum.
  - Prentun. Pixel hættir að prenta spil. Prentmet Oddi hefur gefið tölu í pakkann, miðað við það ættum við að geta prentað þetta og selt á kostnaðarverði en það yrði enginn afgangur. Sólrún tékkar hvort hægt er að finna fleiri aðila. Helga nefndir Héraðsprent á Egilsstöðum. Sólrún athugar.
- Uppfærsla heimasíðu og viðbætur á efni
  - Tenglar á annað efni sem getur nýst – geymt þar til síðar
  - Verkfæri vikunnar – ÁFJ ætlar að byrja að þýða.
  - Fleiri myndbönd –
    - Skýringarmyndband um bekkjarsáttmála í grunnskóla – Aníta hugsar
    - Skýringarmyndband um venjur og rútínur í leikskóla – Sólrún athugar
    - Myndband um barnafundi í leikskóla – Grænuvellir stefna á það.
    - Myndband af bekkjarfundi í grunnskóla – var auglýst eftir áhugasömum en engin viðbrögð. Helga ræðir málið við Heiðu Guðmunds.
    - Störf / hlutverk í grunnskólum og leikskólum - geymum
- Skipulag fræðslu- og umræðufunda
  - 9. okt - Innleiðing JA í leikskólum – erindi og umræður – Jónína ætlar að vera með innlegg.
  - 13. nóv – Störf í skólanum / Lausnastaðir / Lausnaleiðir – erindi og umræður. Sólveig með innlegg um leikskóla – Ágúst eða Aníta með grunnskóla.
- Dropbox
  - Búið að taka aðeins til, einfalda og loka aðgangi allra nema stjórnarmeðlima og Jónínu hvað varðar námskeiðahlutann.
- Námskeið / hittingur fyrir stýrihópa í skólum
  - Þæling um að búa til eins dags prógram fyrir þá sem standa í fararbroddi í skólum. Hugsum betur og tókum upp aftur.

- Fundur „alþjóðateymis“ 5. október kl. 13:00
  - Helga og Ágúst mæta.
- Önnur mál
  - Grænuvellir eru Lab skóli og nú er lögð áhersla á að skólarnir komi auknum upplýsingum til foreldra. PDA mun leggja skólunum til eitthvað efni sem hugsanlega er hægt að nýta því að almennt séð vantar efni fyrir foreldra.
  - TP námskeið – þælingar um að halda slíkt námskeið þannig að t.d. einn til tveir kennarar í hverjum skóla geti haldið námskeið fyrir foreldra.
  - Skólaheimsóknir erlendis – bent á að á síðu PDA er listi yfir Lab skóla sem hægt er að skoða til að skipuleggja heimsóknir.

Næsti fundur 22. október kl. 17:30      Ágúst ritaði fundargerð